

Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna

Reglugerð nr.160/2007

Leiðbeiningar um skýrslugerð, lægra þröskulds magn

2 bls

Starfsstöðvar, hvort sem þær eru með magn hættulegra efna í eða yfir lægra eða hæra þröskulds magni, þurfa að gera **áætlun um stórslysavarnir**. Varnirnar eiga að vera í samræmi við tilefnið, þ.e. umfang stórslysahættunnar. Áætlunin á að **sýna fram á** að rekstraraðili starfsstöðvarinnar hafi **stefnu og markmið** í stórslysavörnum vegna efna og **öryggisstjórnunarkerfi** í samræmi við það.

Þeir sem eru með lægra þröskulds magn þurfa ekki að skila áætluninni nema eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins óski en hún þarf að liggja frammi í starfsstöðinni.

Þeir sem eru með hærra þröskulds magn þurfa að skila áætluninni um stórslysavarnir sem hluta af Öryggisskýrslu eða fella hana efnislega inn í Öryggisskýrsluna.

Áætlun um stórslysavarnir: efni skýrslu

Starfsstöðvar með lægra þröskulds magn eða meir þurfa að gera skýrslu:

Áætlun um stórslysavarnir þar sem fram kemur:

A- samantekt um **meginmarkmið og leiðir**

B- lýsing á **öryggisstjórnunarkerfi**

Skýrslan á að sýna fyrirætlanir ábyrgðaraðila starfsstöðvarinnar og að fyrir hendi sé stjórnkerfi í starfsstöðinni til þess að kljást við stórslysahættur. Á að vera að vöxtum og nákvæmni í hlutfalli við umfang hættunnar á stórslysi sem starfsstöðinni fylgir

Ekki þarf að skrifa þykka skýrslu með smáatriðafjöld heldur yfirlitsgóða með markmiðssetningu og nægum upplýsingar til þess að sýna fram á tilvist öryggisstjórnunarkerfis; hvernig það er hugsað, notað og endurbætt.

A-Meginmarkmið og leiðir

Hér kemur stutt samantekt um stefnu, markmið og leiðir

Þessi fyrsti kafli skýrslunnar er stutt og hnitmiðuð yfirlýsing um stefnu fyrirtækisins, þ.e. almennan ásetning og meginmarkmið, auk ágríps um öryggisstjórnunarkerfið, þ.m.t. verstu sviðsmyndir stórslysa vegna efna.

Ekki margar blaðsíður. Undirritað af ábyrgðaraðila starfsstöðvar.

B-Öryggisstjórnunarkerfi

Hér kemur sjö kafla lýsing á stjórnkerfi og skipulagi vegna stórslysavarna

Nægilegar upplýsingar eiga að vera í köflunum sjö hér á eftir til þess að sýna fram á að öryggisstjórnunarkerfi sé í starfsstöðinni sem er til þess að ná markmiði um stórslysavarnir; Öryggisstjórnunarkerfið er sá hluti stjórnkerfis starfsstöðvarinnar sem nær til stórslysavarna. Þeir sem þegar eru komnir með skipulag á öryggismálin gefa hér lýsingu á þeim þáttum sem gagnast við stórslysavarnir.

Ekki á að lýsa heildarskipulagi, hvorki um hönnun, rekstur né vinnuvernd, né heldur smáatriðum í þeim kerfum sem notuð eru, heldur aðferðum og grundvallaratriðum við stjórn á hættum sem geta leitt til stórslyss.

B-Öryggisstjórnunarkerfi – kaflar:

I. Starfsmannaskipulag.

- a- Lýsing á *hlutverki og ábyrgð* lykilstarfsmanna í stórslysavörnunum.
- b- Lýsa hvernig *mat á þörf fyrir starfsþjálfun* fer fram, t.d. með mati á starfsreynslu og menntun starfsmanna og verktaka, og *hvaða starfsþjálfun er í boði* hjá starfsstöðinni sem nýtist við hættustýringu og stórslysavarnir. *Hér kemur ekki lýsing á starfsmannaskipulagi heldur aðeins á hlutverka- og ábyrgðarskiptingu og starfsþjálfunarkerfi sem eru vegna stórslysavarna*

II. Greining og mat á stórslyshættum

Hér kemur lýsing á hvernig starfsstöðin fer að því að greina hættur og hvernig niðurstöðurnar eru notaðar til þess að meta líkur og afleiðingar og til þess að eyða hættunum

Hér á ekki að koma hættugreiningin sjálf lið fyrir lið heldur lýsing á aðferð

III. Hvernig öryggi er tryggt í rekstrinum

Hér kemur lýsing á hvernig öryggi í stöðinni er tryggt með stjórnunaraðferðum, varúðarreglum og vöktun/eftirliti, ekki síst við bilanir, viðhaldsverkefni og verktaka í stöðinni, eða við rekstrarstöðvun. *Hvernig verklagsreglur eru þróaðar og komið á framfæri við starfsmenn/verktaka.*

Ekki þarf lýsingu á virkni búnaðar heldur hvernig því er stjórnað að öryggis sé gætti í rekstri, viðhaldi og breytingum.

IV. Hönnun og skipulag endurbóta.

Hér kemur lýsing á því hvernig staðið er að því að finna og koma á endurbótum í stöðinni, bæði á starfsaðferðum og búnaði. Hér þarf líka að koma fram hvernig starfsstöðin fer að því að tryggja að ný stöð eða tæki séu valin eða hönnuð, byggð og viðhaldið í samræmi við öryggiskröfur.

Ekki lýsing á hvaða endurbætur hafa verið eða á að gera heldur hvernig staðið er að hönnun og endurbótum til þess að verjast stórslysum

V. Undirbúningur neyðartilfella

Skarast við kafla II: Lýsa hvernig starfsstöðin fer að því að sjá fyrir helstu neyðartilvik, þ.e. sviðsmyndir, og greina frá þeim verstu. En hér á einnig að segja frá áætlunum til þess að bregðast við neyðartilviki: Meginaðgerðum í stöðinni, hlutverkum, tjáskiptaleiðum, upplýsingaflæði, aðstoð utanað. Hvernig á að prófa og endurskoða viðbrögðin.

Hér getur neyðar- eða viðbragðsáætlun vegna stórslyshættu frá efnum komið í skýrsluna.

VI. Innra eftirlit með öryggisstjórnunarkerfinu

Hér á að lýsa hvernig starfsstöðin sér til þess að öryggisstjórnunarkerfið sé lifandi og í samræmi við meginmarkmiðin, í stöðugri breytingu með því sem aðstæður breytast í stöðinni. Hvernig er fengin reynsla, óhöpp eða nærri slys notuð í til að endurbæta öryggisstjórnunarkerfið?

Ekki lýsing á rekstrareftirliti eða vöktun heldur hvernig kerfið er uppfært

VII. Úttekt og endurskoðun

Lýsa hvernig mat og reglubundin endurskoðun á öryggisstjórnunarkerfinu er framkvæmd af hálfu yfirstjórnar stöðvarinnar

Ekki eftirlit heldur reglubundin skjalföst úttekt á kerfi og árangri.